



## Stefna skólans; gildi og kennsluhættir

Í Tjarnarskóla er mikil áhersla lögð á hvetjandi námsumhverfi og mannrækt. Við viljum hvetja og styrkja nemendur okkar á uppbyggilegan hátt og stuðla að vellíðan þeirra í leik og starfi. Við byggjum á styrkleika hvers og eins og viljum mæta einstaklingnum þar sem hann er staddur hverju sinni. Nemendur okkar læra öguð vinnubrögð, samvinnu og samábyrgð og áhersla er lögð á kurteisi og háttvísi. Áhersla er lögð á að nemendur leggi góðan grunn að góðri ákvarðanatöku. Gott samstarf, á milli allra þeirra sem koma að menntun og uppeldi nemenda okkar er okkur mikilvægt. Mikil áhersla er lögð á öflugt upplýsingastreymi til foreldra og nemenda um sem flesta þá þætti er lúta að velferð nemenda og þátttöku í skólastarfinu.

## Uppeldis- og kennslufræðileg stefna þar sem einstaklingurinn er í fyrirrúmi

Okkar leiðarljós í skólastarfinu er að hver og einn nemandi fái námsefni og kennslu við hæfi. Þegar nemandi hefur skólagöngu í Tjarnarskóla leitast kennarar við að kynnast nemandanum, námslegri stöðu hans og sterkum/veikum hliðum. Góð mannleg samskipti eru ávallt órjúfanlegur hluti af þessu ferli. Til þess að mæta ólíkum einstaklingum sem standa mjög mismunandi að vígi þegar þeir hefja sína Tjarnarskólagöngu leitumst við við að finna námsefni við hæfi hvers og eins, allt eftir því hvar viðkomandi er staddur. Hver kennari skipuleggur nám hvers nemanda og við annarlok fer fram samantekt á námsmati úr þeim viðfangsefnum sem hann hefur komist yfir á önninni (mjög breytilegt eftir einstaklingum). Hver nemandi fer yfir námsefnið á sínum hraða en meginlínur í skólastarfinu eru settar fram í áætlunum sem birtar eru í árlegri, uppfærðri starsfsáætlun. Ath. að um er að ræða meginlínur en ekki nákvæmar áætlanir þar sem þær eru einstaklingsbundnar. Ef nemandi er mjög afkastamikill fær hann tækifæri til að stunda fjarnám í framhaldsskóla eða vinna þyngra námsefni sem kennari verður honum út um. Auk þess hafa nokkrir nemendur farið þá leið að stytta grunnskólagöngu sína með því að ljúka grunnskólanáminu sínu ári fyrir en jafnaðrar þeirra.



## Gildi - markmið – áherslur – leiðarljós

### Líðan nemenda og starfsfólks

- Nemendum og starfsfólki líði vel í skólanum og upplifi jákvætt viðmót.
- Jákvætt og hvetjandi andrúmsloft sem er um leið uppbyggilegt og hrósandi.
- Mannrækt í sem víðasta skilningi.

### Góð grunnenntun – einstaklingsmiðað nám

- Góð grunnenntun og undirbúningur fyrir lífið og tilveruna.
- Sjálfstæð vinnubrögð og að nemendur temji sér góðar námsvenjur.
- Nemendur fái viðfangsefni sem þjálfar allar tegundir greindar (fjölgreind) og úrvinnslu.
- Hvetjandi námsumhverfi fyrir nemendur.
- Vera fundvís á styrkleika einstaklinga.
- Styrkja einstaklinginn sem manneskju á faglegan hátt.
- Skipulagning skólastarfsins taki ávallt mið af því að einstaklingurinn sé í fyrirrúmi.

### Mannrækt

- Samvinna/samhjálpa nemenda – samvinna árganga.
- Samábyrgð nemenda og verkaskipting.
- Góð hegðun, samfélagsfærni, háttvísi og kurteisi, hvar sem nemendur koma fram á vegum skólans.
- Þjálfun í jákvæðum samskiptum.
- Heilbrigðir lífshættir.
- Jafnrétti og leiðir til að ná því markmiði í víðasta skilningi.

### Námsumhverfi

- Rólegt/áreitalítið námsumhverfi.
- Góður ytri aðbúnaður og öryggi.
- Góður tækjakostur

### Samstarf

- Gott samstarf; milli skóla og heimilis
- kennara og nemenda.
- innan kennarahópsins.
- nemenda og foreldra.
- nærumhverfið
- nemendur og kennara annarra þjóða

## Kennsluhættir

Skólastarfið er skipulagt í samræmi við viðmiðunarstundaskrá og lög um grunnskóla. Í því skólahúsnæði sem skólinn hefur starfað í frá 1987 eru einungis þrjár hefðbundnar kennslustofur, auk tveggja smærri rýma, sem hafa einnig verið nýtt til kennslu. Íþróttakennsla er í húsnæði Kvanna-skólans í Reykjavík, í Miðbæjarskólahúsinu við Fríkirkjuveg, sunnið í Sundhöll Reykjavíkur og undanfarin ár höfum við fengið inni hjá Háskóla Íslands fyrir kennslu í leirlist og myndlist og við höfum fengið aðgang að smíðastofunni í Suðurhlíðarskóla. Skólaárið 2018 – 2019 gerðum við samning við Tækniskóla Íslands um svo nefnt grunnskólaval fyrir tíundu bekkjana okkar. Í lok skólaársins gerðum við viðhorfskönnun um þessa nýbreytini. Sú könnun sýndi fram á að nemendur kunnu mjög vel að meta þau tækifæri sem buðust í Tækniskólanum. Því var ákveðið að halda samstarfinu áfram. Á skólaárinu 2019 – 2020 sótti nemendahópur (8. og 9. bekkjar) Faglagnámskeið í Tækniskólanum. Góð reynsla bendir til að samstarfið haldi áfram.

## Náms- og kennsluáætlanir á Google Classroom

Skólaárin 2017 – 2018 og 2018 - 2019 var ákveðið var að kaupa svo nefndar Chrome book tölvur fyrir alla nemendur skólans í þremur áföngum. Hver nemandi hefur nú afnot af slíkum tækjakosti og fær tölvu afhenta í upphafi skólaárs. Gerður er sérstakur tölvusamningur um afnotin en sá samningur gildir út skólaárið.

Þessi nýja tækni gerir okkur kleift að nýta Google Classroom umhverfið sem opnar fyrir nýja nálgun og fjölbreyttar leiðir sem ekki sér fyrir endan á. Einnig var gerður samningur við Google um aðganginn að kerfinu og hver nemandi fær sitt eigið netfang með endingunni .....@tjarnarskoli.is. Síðast liðin tvö skólaár höfum við staðið í innleiðingu á þessu nýja umhverfi og tileinka okkur ný vinnubrögð sem lofa mjög góðu. Námsmatskerfið okkar hefur verið á námsvefnum Námfúsi en með tilkomu notkunar á Google Classroom hefur flækjustigið aukist nokkuð hvað varðar að tengja námsmatið á milli kerfa. Við höfum haft það sem sjálfsmatsverkefni að þróa notkun þessara tveggja kerfa saman og skoða framganginn á notkun tölvanna.

## Google Classroom í daglegu starfi

Hver kennari tengir sína námsgrein inn í kerfið og í kjölfarið er hægt að tengja bekk, nemendahóp eða einstaklinga inn. Hægt er að setja inn fyrirmæli fyrir allan hópinn, einn eða fleiri, allt eftir því hvað kennarinn ákveður. Auðvelt er að tengja skrár, hlekki og öpp inn í námsgreinina og láta nemendur vita hvaða tímasvigrúm þeir hafa til að ljúka verkefninu. Kennarinn getur skoðað hvað nemandinn er búinn að gera og hvort hann hefur skilað verkefninu. Hægt er að meta verkefnin inni í kerfinu en mikil vinna hefur farið í að aðlaga kerfið að námsmatskröfum í íslenska skólakerfinu. Það hefur verið áskorun. Kerfið sendir foreldrum vikulegar upplýsingar um hvort nemandi hafi lokið eða eigi eftir að ljúka verkefnum. Þeir hafa þó ekki aðgang að kerfinu sjálfu.

## Viðfangsefni nemenda eru afar fjölbreytt

Auk hefðbundinna skólaviðfangsefna höfum við þemadaga eða önnur verkefni þvert á árganga. Við erum ákaflega stolt af fyrirkomulagi þemadaganna í skólanum. Að öllu jöfnu eru þeir tvisvar á ári, þrjá til fjóra kennsludaga í senn. Við sjáum ótrúlega margt skemmtilegt leysast úr læðingi á þessum dögum því þá eru nemendur í sannkölluðum þjálfunarbúðum í samskiptum, samvinnu, og listrænni sköpunarvinnu. Það er alltaf keppikeflið að allir séu virkir og séu meðvitaðir um að þeirra framlag skipti máli; bæði fyrir þá sem einstaklinga, en einnig fyrir samstarfshópinn í heild. Við höfum þróað sérstök matsblöð þar sem nemendum sjálfum er ætlað að meta hina ýmsu þætti hópstarfsins, s.s. eigið framlag, verkaskiptingu í hópnum, hópstjórn, samvinnu og margt fleira. Nemendur sjálfir meta sína eigin vinnu, en einnig vinnu annarra hópa í þeim tilgangi að gera þá betur meðvitaða um hve miklu máli það skiptir að vera góður þátttakandi í hóp og vera samvinnufús. Kennarar leggja að sjálfsögðu sína mælistiku á verkefni af þessu tagi og viðurkenningar eru veittar fyrir góða frammistöðu. Þemadagarnir hafa verið meðal þróunarverkefna skólans. Hægt er að kynna sér þau verkefni á heimasíðunni.

Margvísleg önnur samvinnuverkefni eru á döfni á hverjum vetri í hinum ýmsu námsgreinum, s.s. stærðfræðimælingar, útiverkefni í náttúrufræði, glærusýningar í tungumálanámi og samfélagsfræði, ratleikir, myndlistarverkefni, uppsetning á leikriti, verkefni í kjölfar heimsóknna, fjarnám í framhaldsskólum, námskeiðið „Hugsað um barn“, verkefni sem tengjast félagsstarfinu í skólanum ... og þannig mætti lengi telja. Til marks um margt að því sem við tökum okkur fyrir hendur eru myndir og fréttir úr skólasterfinu sem má sjá á [www.tjarnarskoli.is](http://www.tjarnarskoli.is).

Við förum oft út úr húsi í heimsóknir og vinnuferðir, s.s. á vinnustaði, söfn, í Gufunesbæ, Perluna, Öskjuhlíðina. Við nýtum suma daga í afmörkuð verkefni s.s. töflureiknidaga, Kahoot-daga, þjálfum nemendur í að halda kynningar og gera myndbönd. Við erum afar stolt af svo nefndum ritgerðadögum en á þeim gerir hver nemandi vandaða heimildaritgerð sem þarf að uppfylla mörg skilyrði, s.s. efnisyfirlit, heimildaskrá, beinar tilvitnanir (alls 20 atriði). Einnig vinna nemendur rannsóknarverkefni á hverjum vetri sem virkjar hugmyndaflugið og sköpunargáfuna. Þessi verkefni gefa nemendum kost á að kynna sér sjálfvalið efni og gera grein fyrir á sem fjölbreyttastan hátt. Við höldum sýningu á þeim fyrir foreldra/forráðamenn þar sem hver nemandi stendur fyrir sínu verkefni. Ótrúlega skemmtilegt og fjölbreytilegt. Tíundu bekingar taka ávallt þátt í verkefninu „Hugsað um barn“ þar sem þeir annast sýndarbarn í tvo sólarhringa.

Valgreinar eru af mjög fjölbreyttu tagi og eru breytilegar á milli ára. Hér má nefna; leiklist, myndlist, textílmenn, smíði, origami, fablab, endurnýjun húsgagna, andlitsmálningu, kvikmyndanámskeið, skrautskrift, hönnun borðspila, útivist- og hreyfingu, heimilsfræði, myndbandsgerð, heimsóknir á leikskóla og vinnustaði, blaðaútgáfu, snyrtingu og förðun, fatahönnun... og þannig mætti lengi telja.

Nemendur í 10. bekk eru með tvær kennslustundir á viku í svo nefndum MEST- tímum (menntun og störf) þar sem þeir kynnast hinum ýmsu valkostum í vali á framhaldsskólum. Þeir fara í heimsóknir í fjölmarga skóla og fá þjálfun í skýrslugerð í lok hverrar heimsóknar. Þeir fræðast einnig m.a. um fjölbreytni í atvinnulífinu og hvernig á að búa til ferilskrá og sækja um starf.

Margir gestir koma til okkar á hverjum skólavetri og við fáum fyrirlestra af ýmsu tagi. Foreldrar hafa einnig verið duglegir að vera milligöngumenn um heimsóknir og fyrirlestra af ýmsu tagi.

Samvinna við vinaskóla í Danmörku hefur einnig fært okkur ýmsa möguleika og útfærslu á viðfangsefnum og samskiptum auk þess sem við höfum tekið þátt í nokkrum Evrópuverkefnum þar sem gagnkvæmar heimsóknir hafa átt sér stað.

### Samvinna, tillitsemi, góð verkaskipting, samkennd



### Fjarnám

Segja má að þessi þáttur skólastarfsins hafi einkum falist í samskiptum við Fjölbautaskólann í Ármúla Menntaskólann í Hamrahlíð og Verzlunarskóla Íslands. Á árum áður tóku sumir nemendur stöðupróf í MH sem hafa nú lagst af en voru haldin tvisvar á ári; í ágúst og desember. Með þessum hætti skapaðist tækifæri til að meta stöðu nemenda í einstökum námsgreinum. Við fengum staðfestingu frá skólanum um hvort nemandi hafi staðist kröfur um þekkingu sem skilaði þeim ígildi þess að hafa lokið tilteknum námsáföngum. Þetta fyrirkomulag gafst vel en því miður hefur það verið aflagt.

Hin seinni ár hefur sá háttur verið hafður á að kennarar meta hvort nemandinn sé tilbúinn að takast á við fjarnámsáfanga. Foreldrar eru hafðir í samráði í þessari ákvarðanatöku. Ritari skólans sækir um áfanga fyrir hönd nemenda. Nemandinn þarf ekki að greiða fyrir þessa þjónustu. Við skólaútskrift fá nemendur skjal frá skólanum þar sem tilgreint er hvaða fjarnámsáföngum þeir hafa lokið, ásamt vitnisburði. Þessum upplýsingum er komið á framfæri þegar nemendur sækja um framhaldsskóla (í Innu).

## Nemendur geta lokið námi á mislöngum tíma

Nemendur í Tjarnarskóla eiga þess kost að ljúka grunnskólanámi einu ári fyrr en fæðingarár þeirra segir til um. Þegar ákvörðun er tekin um slíkt fjallar kennarahópurinn um möguleika nemandans á því að ljúka tilætluðum námsmarkmiðum á styttri tíma en ella. Nemendinn sjálfur og foreldrar ráðgast við umsjónarkennara og síðan eru línurnar lagðar. Á undanförunum árum hefur það verið fremur regla en undantekning að einhverjir nemendur í skólanum fari þessa leið, oftast með þeim hætti að flytjast í 10. bekk, eftir 8. bekk. Allir nemendur sem hafa farið þessa leið hafa staðið sig afar vel og verið sáttir við að fá þetta tækifæri. Fjarnámsleiðin, eins og lýst er í kaflanum hér á undan, nýtist nemendum einnig til þess að flýta fyrir framhaldsskólanáminu.

## Atvinnutengt nám

Í sumum tilefllum fá nemendur tækifæri til þess að taka þátt í hinu svo nefnda „atvinnutengda námi“. Í því felst að nemandinn fær að vera á vinnustað, t.d. bifvélaverkstæði, bakaríi eða leikskóla í fjórar kennslustundir á viku, inni í stundaskrá. Um er að ræða samvinnuverkefni Tjarnarskóla við Reykjavíkurborg, vinnustaðinn, nemandann og foreldra en formlegur samningur er gerður um námið. Nemandinn fær þjálfun í að vera hluti af vinnustað, æfa sig í að taka þátt í ákveðnum verkefnum og samskiptum og eflast í að undirbúa sig undir viðfangsefni framtíðarinnar. Þessi valkostur hefur reynst afar vel og verið uppbyggjandi fyrir nemendur sem hafa kosið að taka þátt.

